

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Bannað verði að leggja bifreiðum við Háholt vestan megin, milli Kirkjubrautar og Heiðarbrautar.
2. Bannað verði að leggja bifreiðum við Kirkjubraut norðan megin, milli Stillholts og Háholts.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 10. desember 1992.

Sigurður Gizurarson.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1993.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1993 verið ákveðið 7,04%.

Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1992.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Indriði H. Þorláksson.